

## Til skólameistara og trúnaðarmanna

### Efni: Skipting fjármuna milli skóla til innleiðingar vinnumats

Með bréfi þessu vill verkefnisstjórn gera grein fyrir fjármunum sem ætlaðir eru til stuðnings við framkvæmd og innleiðingu vinnumats í framhaldsskólum vorið 2015. Um skiptingu fjárhæðarinnar og forsendur skiptingarinnar á milli skóla er fjallað í sérstöku skjali sem fylgir bréfinu.

Fjármunirnir sem skipt er á milli skólanna, eða um 60 milljónir, eru ætlaðir til vinnumatsvinnunnar eingöngu og er reiknað með allvíðtækri dreifingu greiðslna innan hvers skóla til þeirra kennara og skólastjórnenda sem vinna að vinnumati námsáfangna í samræmi við ákvæði kjarasamnings.

Verkefnisstjórn, vinnumatsnefndir, skólameistarar og trúnaðarmenn hafa hver sitt hlutverk í gerð og framkvæmd vinnumatsins en í raun er vinnumatið málefni allra kennara og skólastjórnenda. Skólameistari í hverjum framhaldsskóla ber ábyrgð á því að vinnumat liggi fyrir á tilskildum tíma sem er 1. ágúst 2015.

Í kjarasamningi er tilgreint að fjalla skuli um vinnumatið á kennarafundum á öllum stigum vinnunnar, sbr. 10. grein og þar er einnig fjallað um samráð skólameistara um vinnumatið við trúnaðarmenn, sbr. 11. grein. Verkefnisstjórn telur farsælast að hver framhaldsskóli velji sitt vinnulag við að koma vinnumati um kring en reiknar með að töluverður vinnutími fari í minni og stærri upplýsinga-, samráðs- og vinnufundi um vinnumatið. Vettvangur slíkrar vinnu gæti jafnt verið sérstakir fundir með öllum kennurum, fundir og vinna í deildum og starf í þverfaglegum hópum. Reiknað er enn fremur með að umtalsverð kerfisleg vinna verði á herðum skólastjórnenda. Fjármununum er ætlað að mæta þessari vinnu.

Reykjavík, 19. maí 2015

Verkefnisstjórn um vinnumat framhaldsskólakennara  
Ársæll Guðmundsson  
Elna Katrín Jónsdóttir  
Guðmundur H. Guðmundsson  
Ólafur Sigurðsson  
Reynir Þór Eggertsson  
Stefán Andrésen